



Konur, friður og öryggi:

Áætlun Íslands um framkvæmd ályktunar
öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna
númer 1325 frá árinu 2000



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Útgefandi:

Utanríkisráðuneytið

8. mars 2008

www.utanrikisraduneyti.is

Hönnun og umbrot: Vilborg Anna Björnsdóttir

Ljósmynd á forsiðu: Ragnheiður Kolsöe,

fríðargæsluliði í Afganistan

Aðrar ljósmyndir: Ýmsir

Prentun: Gutenberg



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra ásamt Olubanke King-Akerele, utanríkisráðherra Líberíu og Ellen Johnson-Sirleaf, forseta Líberíu.

Friður í krafti kvenna

Ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna númer 1325 um konur, frið og öryggi er áheiti til kvenna um allan heim. Þeim er heitið því að réttinda þeirra verði gætt og hindrunum rutt úr vegi svo þær geti tekið fullan þátt í friðarviðræðum og friðaruppbyggingu. Innleiðing markmiða og gilda ályktunarinnar er krefjandi verkefni fyrir þjóðir heims.

Það skiptir sköpum að konur taki þátt í friðarferlum í auknum mæli. Mikið er í húfi þegar samið er um framtíð heilla samfélaga og mikilvægt að konur eigi sæti við samningaborðið. Konur hafa sýnt fram á hvers þær eru megnugar þegar kemur að friðarviðræðum og friðaruppbyggingu í kjölfar átaka. Mörg dæmi eru um að konur hafi markvisst beitt ákvæðum ályktunar númer 1325 í þágu friðar.

Líberísku konurnar í WIPNET (e. Women in Peacebuilding Programme) eru lifandi sönnun þess að ályktunin er lifandi og áþreifanlegt tæki til að knýja fram breytingar. Ég hitti stórkostlegar konur meðan á dvöl minni í Líberíu stóð síðastliðið sumar. Þessar konur hafa tekið beinan þátt í því umbreytingaferli sem hefur átt sér stað í Líberíu. Þær tóku saman höndum og vinna nú ötullega að uppbyggingu samfélagsins í kjölfar langvarandi átaka.

Ísraelsku og palestínsku konurnar í IWC (e. International Women's Commission for a Just and Sustainable Palestinian-Israeli Peace) hafa unnið að friði um áratuga skeið. Þeim tókst það sem hefur ekki tekist áður; þær tóku helstu ágreiningsmálin í deilum Ísraels og Palestínumanna fyrir og náðu að lokum samkomulagi innan síns hóps um nær öll atriðin. Þetta sýnir að til eru leiðir til úrlausnar.

Ályktunin hefur víða skírskotun og konur um allan heim hafa tekið hana upp á sína arma og beitt henni fyrir sig. Konur á Sri Lanka, á Balkanskaga, í Mið-Austurlöndum, víða í Afríku, Suð-Austur Asíu, Rómönsku Ameríku og Karíbahafinu, svo dæmi séu



UN photo

Af fundi í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

nefnd, hafa þrýst á um þátttöku kvenna í friðarferlum og friðaruppbyggingu á grundvelli ályktunar númer 1325. Annað dæmi er þátttaka kvenna í friðarviðræðum í Norður-Írlandi, í aðdraganda stofnunar norðuríriska þingsins, en hún er talin hafa haft útslitaáhrif.

Íslensk stjórnvöld kosta nú rannsókn á aðgengi kvenna að friðarumleitunum á átakasvæðum og hvernig megi auðvelda slíkt aðgengi. Rannsóknin er framkvæmd á vegum Öryggisfræðastofnunarinnar í Afríku (e. Institute for Security Studies – ISS) sem er leiðandi í rannsóknum á sviði átaka og friðarumleitana í álfunni.

Ég hef ítrekað fjallað um að skilin milli utanríkismála og innanríkismála séu á undanhaldi. Innleiðing ákvæða ályktunar númer 1325 er til marks um þetta. Í áætlun Íslands um framkvæmd ályktunarinnar er lögð áhersla á mikilvægi aukinnar þátttöku kvenna í ákvarðanatöku og friðarferlum. Reynslan sýnir að konur gæta að verndun kvenna og stúlkna á átakasvæðum og taka til greina sjónarmið kvenna í sömu andrá. Það er von mín að áætlunin reynist gott tæki til að virkja kraft kvenna í þágu friðar.

Hornsteinar íslenskrar utanríkisstefnu eru mannréttindi, þróunarsamvinna og friðsamleg lausn deilumála. Ísland hefur um nokkurt skeið lagt sitt af mörkum til að mannréttindi kvenna fái framgang á alþjóðavettvangi. Markmið mitt er að sérstaða og styrkur Íslands á sviði jafnréttismála verði sýnilegri. Ég hef þegar talað máli ályktunar númer 1325, til að mynda á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og Atlantshafsbandalagsins. Ég mun halda áfram að beita mér fyrir því að rödd kvenna fái hljómgrunn á alþjóðavettvangi.


Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra.

Ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna númer 1325 um konur, frið og öryggi, sem samþykkt var í október árið 2000, markaði tímamót í sögu ráðsins. Ályktunin er fyrsta viðurkenning öryggisráðsins á sérstöðu kvenna á átakasvæðum og mikilvægi framlags þeirra til friðar. Hún kallar á miklar breytingar á verkferlum, mati, venjum og viðhorfum hjá einstaklingum, stofnunum og aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna.

Útgangspunktur ályktunarinnar er sá að konur geta bæði haft áhrif í vopnuðum átökum og að átök hafa sérstakar afleiðingar fyrir þær. Ályktunin undirstrikar mikilvægt hlutverk kvenna í friðsamlegri lausn vopnaðra átaka og friðaruppbyggingu, og leggur áherslu á þátttöku þeirra og aðild að öllum aðgerðum sem viðhalda og stuðla að friði og öryggi til jafns við karla. Ályktunin brýnir fyrir aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna að grípa til margvíslegra aðgerða til að flétta sjónarmið og reynslu kvenna inn í aðgerðir í þágu friðar.

Helstu áhersluatriði ályktunar 1325:

- Aukin þátttaka kvenna í ákvarðanatöku og friðarferlum.
- Verndun kvenna og stúlkna á átakasvæðum.
- Kynjasjónarmið og jafnréttisfræðsla í friðargæslu.

Markvisst ríkjasamstarf skiptir sköpum þegar kemur að því að koma ályktuninni til framkvæmdar á vettvangi alþjóðlegra friðar- og öryggisstofnana. Á síðustu árum hafa nokkur ríki sett sér aðgerðaáætlanir til að tryggja framkvæmd markmiða ályktunarinnar í starfi sínu á alþjóðavettvangi. Þrjú Norðurlandanna hafa farið þar fremst í flokki ásamt Bretlandi og Kanada en þessi ríki tilheyra óformlegum hópi sem kallar sig vini 1325. Hópurinn beitir sér í þágu ályktunarinnar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Eftir því sem fleiri ríki fylgja ályktuninni eftir og vísa í hana í starfi sínu á alþjóðavettvangi, styrkjast gildi mannöryggis í alþjóðastarfi sem leiðir til bættra forvarna gegn vopnuðum átökum, heildstæðari friðargæsluverkefna og aukinnar virðingar fyrir mannréttindum.

Við undirbúning áætlunar Íslands um framkvæmd ályktunarinnar var haft samráð við Norðurlöndin auk frjálsra félagasamtaka og fræðastofnana á Íslandi sem láta sig málaflökkinn varða. Það samráðsferli var utanríkisráðuneytinu mikilvægt í vinnu sinni og gefur áætluninni breiðari grunn og stuðning.

Áætlun Íslands um framkvæmd ályktunarinnar byggir á grundvallarþáttum íslenskrar utanríkisstefnu sem felast í virðingu fyrir mannréttindum, aukinni þróunarsamvinnu og áherslu á friðsamlega úrlausn deilumála. Þar er lögð sérstök áhersla á að konur eigi greiðan aðgang að samningaborðinu.

Premur árum eftir samþykkt aðgerðaáætlunarinnar skal hún endurskoðuð og uppfærð með hliðsjón af reynslu af framkvæmd og í samráði við sérhæfð félagasamtök og hlutaðeigandi háskólastofnanir.

Á þriggja ára fresti skal utanríkisráðuneytið gefa út skýrslu með niðurstöðum endurmats á áætluninni.

Konur, friður og öryggi:

Áætlun Íslands um framkvæmd ályktunar
öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna
númer 1325 frá árinu 2000

1. Kynja- og jafnréttissjónarmið verði samþætt í öll verkefni, starfsemi, stefnumörkun og löggjöf sem snerta friðar-, öryggis- og þróunarmál.
 - Sjónarmið og reynsla kvenna verða fléttuð inn í þróun, framkvæmd og mat verkefna á öllum sviðum friðar-, öryggis- og þróunarmála. Þetta á bæði við um starfsemi í utanríkisþjónustunni og starf Íslands á vettvangi alþjóðastofnana.
 - Sérstakur gátlisti verður útbúinn fyrir friðargæsluliða til að auðvelda þeim að framfylgja ákvæðum ályktunarinnar á vettvangi friðargæsluverkefna.
2. Íslensk stjórnvöld þrýsti á um eftirfylgni við ályktunina í starfi og stefnu viðeigandi alþjóðastofnana, í samstarfi við önnur ríki.
 - Íslensk stjórnvöld munu halda áfram að vera staðfastur málsvari ályktunarinnar á alþjóðavettvangi; fylgjast með því að ákvæðum hennar sé framfylgt af viðeigandi aðilum og vekja athygli á því ef svo er ekki.
3. Íslensk stjórnvöld beiti sér fyrir því að fleiri konur taki við ábyrgðarstöðum á sviði friðar- og öryggismála.
 - Fleiri konur: i) gegni ábyrgðarstöðum sem embættismenn hjá alþjóðastofnunum; ii) verði yfirmenn friðargæsluverkefna; iii) verði meðal alþjóðlegra friðargæsluliða; iv) verði meðal staðarráðinna starfsmanna friðargæsluverkefna.

Framkvæmdaáætlunin á vettvangi

Nýlega var íslensk kona ráðin í stöðu forstöðumanns skrifstofu Evrópuráðsins í Kósóvó. Hún starfar þar á vegum Íslensku friðargæslunnar. Unnið er að því með markvissum hætti að koma fleiri íslenskum konum í stjórnunarstöður hjá alþjóðastofnunum.



Stúlkur að leik í Palestínu þar sem íslenskur friðargæsluliði starfar.

4. Kynja- og jafnréttissjónarmið og ákvæði ályktunarinnar verði höfð til hliðsjónar við val, framkvæmd og mat á friðargæsluverkefnum sem Ísland á aðild að.
 - Íslensk stjórnvöld leggja áherslu á að konum sé tryggð hlutdeild í uppbyggingarferli að loknum stríðsátökum og þær hafðar með í ráðum frá upphafi.
5. Konum og körlum bjóðist jöfn tækifæri til þátttöku í friðargæsluverkefnum á vegum Íslensku friðargæslunnar í því augnamiði að hlutfall kynjanna sé sem jafnast meðal útsendra friðargæsluliða.
 - Íslensk stjórnvöld leggja áherslu á borgaralega friðargæslu og verkefnaval Íslensku friðargæslunnar miðast við að störfin geti hentað báðum kynjum.

Framkvæmdaáætlunin á vettvangi

Íslenskar konur starfa hjá skrifstofum UNIFEM á Balkanskaga og í Líberíu á vegum Íslensku friðargæslunnar. Meðal verkefna UNIFEM á Balkanskaga er að framfylgja svæðisbundinni áætlun um framkvæmd ályktunar númer 1325. Íslenskar konur starfa einnig að þróunarmálum og samstarfi við alþjóðastofnanir um uppbyggingu í Afganistan á vegum Íslensku friðargæslunnar.



Liberískar konur mótmæla kynbundnu ofbeldi.

6. Íslenska friðargæslan leggi áherslu á að veita heimamönnum af báðum kynjum tækifæri til að stunda störf og njóta fræðslu, í sem öruggustu umhverfi.
 - Friðargæsluverkefni sem Ísland tekur þátt í skulu stuðla að aukinni þátttöku kvenna í samfélögum sínum og uppbyggingu þeirra í kjölfar átaka.
 - Það er forgangsmatarið að vinna að því að auka efnahagslegt sjálfstæði og öryggi kvenna.
7. Starfsfólk utanríkisþjónustunnar skuli hljóta fræðslu um jafnréttismál og ályktunina. Jafnframt hljóti útsendir friðargæsluliðar fræðslu um kynja- og jafnréttissjónarmið og sérstöðu kvenna á átakasvæðum í samræmi við ákvæði ályktunarinnar.
 - Íslenskir friðargæsluliðar hafa um nokkurra ára skeið fengið fræðslu um kynja- og jafnréttissjónarmið kynferðislega misnotkun og HIV/alnæmi með tilliti til átakasvæða og ákvæða ályktunarinnar. Fræðslan hefur farið fram í samstarfi við landsnefnd UNIFEM á Íslandi.
8. Kynferðisleg misnotkun og kynbundið ofbeldi af hálfu friðargæsluliða og annarra útsendra starfsmanna líðist ekki.



Liberísk móðir með börn sín.

- Friðargæsluliðum er óheimilt að kaupa vændisþjónustu eða eiga kynferðisleg samskipti við nokkurn sem er friðargæsluliðinu háður. Friðargæsluliðar skulu aldrei áreita heimamenn, samstarfsmenn eða aðra kynferðislega.
 - Í 12. grein siðareglna íslensku friðargæslunnar er kveðið á um að kalla megi friðargæsluliða fyrirvaralaust heim, sé talið að friðargæsluliðinn hafi brotið gegn siðareglunum auk þess sem íslensk refsilögsaga nær til íslenskra friðargæsluliða að störfum erlendis samkvæmt ákvæðum laga um Íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu (73/2007).
9. Íslensk stjórnvöld kappkosti að styðja verkefni sem framfylgja markmiðum ályktunarinnar.
- Íslensk stjórnvöld veita fé til verkefna á vegum viðeigandi stofnana og sjóða sem veita framkvæmd verkefnum sem tengjast ályktuninni.

Framkvæmdaáætlunin á vettvangi

Undanfarin tvö ár hefur verið unnið samkvæmt ályktuninni af hálfu UNIFEM á Balkanskaga. Nú þegar hafa verið mynduð sérstök friðarteymi kvenna á svæðinu auk þess sem efnt hefur verið til vitundarvakningar um konur, frið og öryggi. Íslenskir friðargæsluliðar sem starfa innan verkefnisins fylgja meðal annars eftir ákvæðum og áherslum ályktunarinnar.



Íslenskur friðargæsluliði að störfum í Afganistan.

10. Efla skuli þekkingu og rannsóknir á sviði friðar- og öryggismála sem unnar séu með hliðsjón af markmiðum ályktunarinnar.

- Vaxandi fræðasamfélag um alþjóðamál á Íslandi er auðlind fyrir ut-anríkisráðuneytið og skiptir máli að þar sé hugað að málefnum kvenna, friðar og öryggis. Íslensk stjórnvöld styðja rannsóknir og útgáfu fræðsluefnis um konur, frið og öryggi.
- Utanríkisráðuneytið og Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands hafa efnt til samstarfs á sviði fræðslu og rannsóknarstarfa í alþjóðamálum.

Framkvæmdaáætlunin á vettvangi

Íslensk stjórnvöld kosta nú rannsókn á aðgengi kvenna að friðarumleitunum á áttaskvæðum og hvernig megi auðvelda slíkt aðgengi. Rannsóknin er framkvæmd á vegum Öryggisfræðastofnunarinnar í Afríku (e. Institute for Security Studies – ISS) sem er leiðandi í rannsóknum á sviði mannöryggis í álfunni.



Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna

Ályktun númer 1325 (2000)

**Samþykkt á 4231. fundi öryggisráðsins,
31. október 2000**

Öryggisráðið,
minnugt fyrri ályktana 1261 (1999) frá 25. ágúst 1999, 1265 (1999) frá 17. september 1999, 1296 (2000) frá 19. apríl 2000 og 1314 (2000) frá 11. ágúst 2000, ásamt viðeigandi yfirlýsingum forseta ráðsins, og *jafnframt minnugt* fjölmiðlayfirlýsingar forseta ráðsins í tilefni dags Sameinuðu þjóðanna um kvenréttindi og heimsfrið (Alþjóðlega kvennadagsins) 8. mars 2000 (SC/6816),

einnig minnugt skuldbindinga Peking-yfirlýsingarinnar og -framkvæmdaáætlunarinnar (A/52/23) auk þeirra skuldbindinga er koma fram í niðurstöðuskýrslu 23. aukaallsherjarþings Sameinuðu þjóðanna sem haldið var undir yfirskriftinni: „Konur 2000: Jafnrétti, þróun og friður fyrir 21. öldina” (A/S-23/10/Rev. 1), sérstaklega [skuldbindingar] er varða konur og vopnuð átök,

hefur hugföst markmið og undirstöðuatriði sáttmála hinna sameinuðu þjóða og grundvallarábyrgð öryggisráðsins samkvæmt sáttmálanum á varðveislu heimsfriðar og öryggis,

lýsir áhyggjum af því að óbreyttir borgarar, sérstaklega konur og börn, séu í yfirgnæfandi meirihluta fórnarlamba vopnaðra átaka, þar á meðal sem flóttamenn í öðrum löndum og innan eigin heimalands, og að þeir séu í auknum mæli skotmörk stríðandi aflu, og *viðurkennir* afleiðingarnar sem þessi þróun hefur á varanlegan frið og sættir,

itrekar mikilvægt hlutverk kvenna í forvörnum og lausnum átaka og uppbyggingu friðar, og *leggur áherslu* á mikilvægi jafnrar þátttöku þeirra og fullrar aðildar í öllum aðgerðum sem viðhalda og stuðla að friði og öryggi, og þörfinni á að auka hlut þeirra í ákvarðanatöku hvað varðar fyrirbyggjandi aðgerðir gegn átökum og lausnir deilumála,

itrekar ennfrémur nauðsyn þess að framfylgja að fullu alþjóðlegum mannúðar- og mannréttindalögum sem vernda réttindi kvenna og barna í átökum og eftir átök,

undirstrikar nauðsyn þess að allir aðilar tryggji að jarðsprengjuhreinsun og kynningarverkefni um jarðsprengjuhættu taki mið af sérþörfum kvenna og stúlkna,

viðurkennir brýna þörf á að samþætta jafnréttissjónarmið í friðargæsluverkefnum, og *vekur* í því tilliti *athygli* á Windhoek-yfirlýsingunni og Namibíu-aðgerðaáætluninni um samþættingu jafnréttissjónarmiða í marghliða friðargæsluverkefnum (S/2000/693),

viðurkennir ennfremur mikilvægi tilmæla forseta ráðsins sem fram komu í fjölmiðlayfirlýsingu hans 8. mars 2000 um sérhæfða þjálfun til handa öllum friðargæslulíðum í verndun, sérþörfum og mannréttindum kvenna og barna á átökum,

viðurkennir að skilningur á áhrifum vopnaðra átaka á konur og stúlkur [og] skilvirkar stjórnsýsluaðgerðir til að tryggja verndun þeirra og fulla þátttöku í friðarferli sé þýðingarmikið framlag til viðhalds og eflingar heimsfriðar og öryggis,

vekur athygli á nauðsyn þess að taka saman gögn um áhrif vopnaðra átaka á konur og stúlkur,

1. *brýnir fyrir* aðildarríkjum að tryggja aukna þátttöku kvenna á öllum stigum ákvarðanatöku í innanlands-, svæðis- og alþjóðastofnunum og öðrum kerfum ákvarðanatöku sem fjalla um fyrirbyggjandi aðgerðir, stjórnun og úrlausn átaka,
2. *hvetur* framkvæmdastjóra til að hrinda í framkvæmd aðgerðaáætlun sinni (A/49/587) þar sem krafist er aukinnar þátttöku kvenna í ákvarðanatöku um úrlausnir átaka og friðarferli,
3. *brýnir fyrir* framkvæmdastjóra að tilnefna fleiri konur sem sérstaka fulltrúa sína og sendimenn og biður aðildarríkin að leggja fram umsækjendur til framkvæmdastjóra sem yrðu í miðstýrðri og reglulega uppfærðri nafnaskrá,
4. *brýnir ennfremur* fyrir framkvæmdastjóra að auka hlut og framlag kvenna í vettvangsverkefnum Sameinuðu þjóðanna, sérstaklega í röðum hernaðareftirlitsmanna, borgaralegrar lögreglu, mannréttinda- og mannúðarstarfsfólks,
5. *lýsir yfir vilja sínum* til að innleiða jafnréttissjónarmið í friðargæsluverkefni og brýnir fyrir framkvæmdastjóra að tryggja að í vettvangsverkefnum sé tekið mið af jafnrétti kynjanna, þar sem það á við,
6. *fer fram á það* við framkvæmdastjóra að hann sjái aðildarríkjum fyrir þjálfunarleiðbeiningum og kennsluefni um verndun, réttindi og sérþarfir kvenna, auk efnis um mikilvægi þess að konur séu þátttakendur í öllum aðgerðum er snúa að friðargæslu og friðaruppbyggingu, *býður* aðildarríkjum að fella þessi atriði, auk vitundarvakningar um HIV-smit og/eða alnæmi, inn í eigin kennsluskrá þegar her- og borgaralögregla er þjálfuð fyrir verkefni, og *fer* þess *ennfremur* á leit við framkvæmdastjóra að hann tryggji að borgaralegir starfsmenn friðargæsluverkefna fái svipaða þjálfun,

7. *brýnir fyrir* aðildarríkjum að auka frjálsan fjárhagslegan, tæknilegan og efnislegan stuðning við þjálfun þar sem tekið er tillit til ólíkra viðhorfa og reynslu kvenna og karla, þar með talið verkefni sem framkvæmd eru af víðeigandi sjóðum og stofnunum, m.a. Þróunarsjóði Sameinuðu þjóðanna fyrir konur, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, Flóttamannahjálp Sameinuðu þjóðanna og öðrum aðilum sem málið varða,
8. *biður* alla hlutaðeigandi aðila að hafa jafnréttissjónarmið í huga við gerð og framkvæmd friðarsamninga, þar með talið:
 - a) sérþarfir kvenna og stúlkna við heimkomu og aðlögun flóttamanna og við endurhæfingu og uppbyggingu að átökum loknum;
 - b) aðgerðir sem styðja við friðarverkefni kvenna í eigin heimkynnum og lausnir deiluefna með aðferðum heimamanna, ásamt aðgerðum sem tryggja þátttöku kvenna í allri framkvæmd friðarsamninga;
 - c) aðgerðir sem tryggja verndun og virðingu fyrir mannréttindum kvenna og stúlkna, sérstaklega hvað varðar stjórnarskrá, kosningakerfi, lögreglu og dómskerfi;
9. *biður* alla hlutaðeigandi aðila að vopnuðum átökum að virða að fullu alþjóðalög sem fjalla um réttindi og verndun kvenna og stúlkna, sérstaklega sem óbreyttra borgara, sér í lagi skuldbindingar sem eiga við þá samkvæmt Genfarsamningunum frá 1949 og viðbótarbókunum frá 1977, samningnum um réttarstöðu flóttamanna frá 1951 og viðbótarbókunum frá 1967, samningnum um afnám allrar mismununar gagnvart konum frá 1979 og viðbótarbókunum frá 1999 og samningnum um réttarstöðu barna frá 1989 og tvær viðbótarbókanir við hann frá 25 maí 2000 og að hafa í huga víðeigandi greinar í Rómarsamþykkt Alþjóða sakamáladómstólsins;
10. *biður* alla hlutaðeigandi aðila að vopnuðum átökum að grípa til sérstakra aðgerða til að vernda konur og stúlkur frá kynferðislegri misnotkun, og öllum öðrum tegundum ofbeldis í vopnuðum átökum;
11. *undirstrikar* ábyrgð allra ríkja á að binda endi á refsileysi og á að sækja til saka þá sem ábyrgir eru fyrir þjóðarmorði, glæpum gegn mannkyni og stríðsglæpum þar með talið kynferðisglæpum og öðru ofbeldi gegn konum og stúlkum, og *leggur áherslu á* að undanskilja þessa glæpi frá ákvæðum um friðhelgi;
12. *biður* alla hlutaðeigandi aðila að vopnuðum átökum um að virða eðli flóttamannabúða og –byggða sem athvarf borgaranna og vettvang hjálparstarfs, og að taka tillit til sérþarfa kvenna og stúlkna, þ.m.t. við hönnun þeirra, og minnir á fyrri ályktanir 1208 (1998) frá 19. nóvember 1998 og 1296 (2000) frá 19. apríl 2000;
13. *hvetur* alla þátttakendur í áætlunum um afvopnun og aðlögun til að taka til greina ólíkar þarfir kven- og karlhermanna og taka tillit til þarfa þeirra sem eru á framfæri þeirra;

14. *ítrekar* vilja sinn, hvenær sem gripið er til aðgerða samkvæmt 41. grein stofnsáttmála hinna sameinuðu þjóða, að taka til greina möguleg áhrif þeirra á almenning, með sérþarfir kvenna og stúlkna í huga, til að ihuga viðeigandi undanþágur af mann-úðarástæðum;
15. *lýsir vilja sínum* til að sendinefndir öryggisráðsins taki tillit til jafnréttissjónarmiða og réttinda kvenna, þ.m.t. með samráði við staðbundnar og alþjóðlegar kvannahreyfingar;
16. *býður* framkvæmdastjóra að gera rannsókn á áhrifum vopnaðra átaka á konur og stúlkur, á hlutverki kvenna við uppbyggingu friðar og sjónarmiðum kynjanna í friðarferli og lausnum deilumála, og býður honum *ennfremur* að leggja fram skýrslu til öryggisráðsins um niðurstöður rannsóknarinnar og gera hana aðgengilega öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna;
17. *fer fram á það* við framkvæmdastjóra, þar sem það á við, að skýrslur hans til öryggisráðsins fjalli um árangur í samþættingu jafnréttissjónarmiða í friðargæsluverkefnum og öllum öðrum atriðum sem snúa að konum og stúlkum;
18. *ákveður* að fylgja málinu ötullega eftir.